



BÆKLINGUR Á ÍSLENSKU
NÝJA SJÁLAND



FERÐIN TIL NÝJA SJÁLANDS

Góðir Íslendingar

Stefna okkar hjá **Ferdin.is** er að bjóða Íslendingum uppá ferðir til fjar-lægra staða sem eru í boði alla daga allt árið. Þessi bæklingur er eitt af skrefum okkar til að uppfylla þá hugsjón. Séstakur verðlisti er gefin út með þessum bæklingi. Skoðaðu möguleikana sem við bjóðum uppá í þessum 16 síðna bæklingi og hafðu samband sem fyrst.

Að upplifa alla áhugaverðu staðina á Nýja Sjálandi í einni ferð er ómögulegt. Við einbeitum okkur í staðinn að þeim mest áhuga-verðustu stöðum

Bæklingurinn er byggður upp á 21 daga ferð frá norðri til suðurs sem gefur ykkur möguleika á að hitta m.a. maori menninguna við Rotorua, þar sem náttúran leikur sér að kröftum sínum, því hér er fullt af heitum hverum, geysir og heilsusamleg leðja sem er á Spa svæðunum.

Meðal annars er boðið upp á gönguferðir um Tongariro Þjóðgarðinn en þar eru virk eldfjöll ásamt náttúru sem inniheldur allt frá regnskógum til snjóklædda fjallshlíða, áður en þið komið í höfuðborgarinnar Wellington, þá er boðið uppá fallega siglingu sem flytur ykkur til Suður eyjunnar.

Abel Tasman Þjóðgarðurinn inniheldur stórkostlega náttúru með gylltum ströndum, mikið fugla- og plöntulíf, sem þið getið upplifað bæði fótgangandi og siglandi á kajak á fallegu vatni, áður en þið upplifið sellátrín við Kaikoura og hina stóru hvali í sjónum fyrir utan, en þar getið þið einnig synt með höfrungum.

Ferðin heldur nú áfram í lest til vestus í gegnum stór fjallaskörð, gönguferð á jökulinn og siglingu yfir Millford Sound. Ferðin endar í Christchurch, sem er stærsta borgin á Suðureyjunni, þar búa um 300.000 íbúar. Á leiðinni er góður tími til að skoða áhugaverða staði.

Ef þið lengja frið, þá finnið þið aftast í bæklingnum tillögur um lenginu, Bay of Islands, Coromandel, Napier og Lake Taupo. Ferðirnar á næstu blaðsíðum, ganga út frá að þið keyrið í bíla-leigubíl og búið á góðum ferðamannahótelum. Þið getið einnig ferðast um í húsbíl.

Njótið!

Jón Haukur Daníelsson



INNIHALD:

03 FERÐIN TIL NEW ZEALAND • 21 DAGAR

12 BAY OF ISLAND & COROMANDLE

13 NAPIER & LAKE TAUPO

14 ÞAÐ BESTA Á SUÐUR EYJU • 14 DAGAR

15 AUTOCAMPER / HÚSBÍLAR





NORÐUREYJAN AUCKLAND

DAGUR 1-2: AUCKLAND

Eftir langa ferð til Auckland er tími til að slappa aðeins af á hótelinu, áður en þið skoðið borgarlífið. Það er lífleg stemming í kringum Lorne og Queen Street þar er auðvelt að komast í kynni við vinalaga íbúana. Á Nýja Sjálandi eru íbúarnir mjög hrifnir af siglingum, svo upplagt er að byrja ferðina til America's Cup Village og hafnarsvæðinu. Héðan siglir ferja til Devonport á aðeins 15 mín. Þetta er huggulegur lítill staður með fallegum byggingum frá Victoríu tímabilinu, finum litlum verslunum og huggulegum kaffihúsum. Í miðbænum er líka upplagt að rölta til Parnell en þar er bæjarhluti með gömlum tréhúsum, kaffihúsum og listagalleríum með snert af bohème lífi.

Óskar maður eftir að upplifa allt þetta ofanfrá, þá er hægt að gera það á Auckland Bridge Climb, en þetta er engin klifurferð heldur gönguferð yfir brú. Þið fáið öryggisólar á göngubrúnni sem er undir veginum í 65 metra hæð yfir sjávarmáli. En ef þið óskið eftir meiri hæð en einnig meira öryggi þá er upplagt að taka líftuna upp í hinn 328 metra háa Skytower, þar sem einnig er hægt að fá góðan mat. Gisting: 2 nætur í Aukland.

Auckland – "City of Sails"

Stærsta borgin á Nýja Sjálandi er byggð á 60 óvirkum eldfjöllum, þar sem mörg þeirra sjást sem keilulaga grænklæddar hlíðar. Þrjú stærstu eldfjöllin eru: Mount Albert, Mount Eden og One Tree Hill og setja þau mikinn svip á borgina, þaðan eru góðir útsýnisstaðir. Hin nýtskulega borg er umvafin heit tempruðum eyjum, tindrandi bláu vatni og regnskógi, sem gerir það að verkum að lífstíll Auckland er alveg sérstakur.

- a) Veljið auka pakkann Bay of Island (sjá síðu 12), hann kemur á milli dag 1 og 2 í Auckland.
- b) Veljið auka pakkann Coromandle (sjá síðu 12), hann kemur á milli Auckland og Rotorua.

FERÐIR FRÁ AUCKLAND

Borgin býður upp á mikið úrval af spennandi stöðum til að skoða. Þið getið ferðast á flesta staðina á eigin vegum, en hér eru 3 tilboð í svolítið öðruvísi ferðir:

FERÐ 1. FJÓRIR Í EINUM


Góð hálf dagsferð þar sem þið upplifið spennandi og markverða staði. Þið heimsækið Antarktiske Center, siglið um höfnina og skoðið hinn sjaldgæfa Kiwi-fugl í dýragarðinum, í lok ferðarinnar farið þið hátt yfir húspökkin í borginni, í Skytower.

FERÐ 2. AMERICA'S CUP

2ja tíma ógleymanleg sigling um Aucklands höfn umborð í hinum hraðskreyða America's Cup Yacht NZL 40

FERÐ 3. SYNDIÐ MEÐ HÖFRUNGUM

Hálfdags ferð til Hauraki Gulf Marine Park þar sem mjög þjálfaðir leiðsögumenn gefa ykkur spennandi innsýn í heim höfranganna.



NORÐUREYJAN

ROTORUA • WELLINGTON



DAGUR 3: AUCKLAND - ROTORUA

Í dag náði þið í bílaleigubílinn. Ef þið eruð með plön um að upplifa hina sjálflýsandi "sankthansomra" í Waitomo hel-lunum, þá er ráðlagt að leggja snemma af stað frá Auckland svo þið eruð þar á undan ferðamannarútnum.

Sjálflýsandi ormar eru ekki sjaldgæf sjón í Nýja Sjálandi en í stórum kalksteinshellum Waitomo eru kjörnar aðstæður fyrir þúsundir lýsandi orma.

Ef maður tekur ferðina íkringum Waitomo má reikna með 2 ½ tíma lengri keyrslu til menningarborgar maorianna í Rotorua. En aftur á móti getið þið slappað vel af á Hótel Rydges í fallegum Spa-herbergjum.

Gisting: 2 nætur í Rotorua

Rotorua – höfuðborg Maorieanna

240 km. suðaustur af Aucklandi búa margir maoriar í undarlegum heimi, þar sem þeim hefur tekist að halda fast í gamlar hefðir og siði. Í og íkringum bæinn upplifið þið heitar uppsprettur á heimsmaelikvarða.

Hér eru heitir hverir og geysir. Umhverfið er umvafið hinni þekktu hveralykt.

Það er auðvelt að ferðast um bæinn, hér er mikið af búðum, huggulegum veitingastöðum og kaffihúsum. Í kringum Rotorua er stórkostleg náttúrefugurð.

DAGUR 4: ROTORUA

Í Rotorua býður ykkar breið vifta af frábærri náttúru og menningarlegri upplifun. Hér eru margir heitir hverir og geysir og því mikið úrval af leirböðum og Spa stofum. Löngu áður en þið komið að bænum finnið þið hina velkunnu hveralíkt.

Maoriarnir sína hér sinn sérstaka dans og selja einnig hefðbundna menningahluti. Missið ekki af Rainbow Spring, þar sem þið getið m.a. séð hinn sjaldgæfa kiwi-fugl og tuatara-eðluna.

Endið daginn með hefðbundnum maorienskum Hangi mat sem þeir elda ofan í jörðinni og njótið síðan á meðan maoriernir dansa hefðbundinn dans.

a) Veljið auka pakkann Napier (sjá síðu 13), hafið hann á milli Rotorua og Tongariro.

b) Veljið auka pakkann Lake Taupo (sjá síðu 13), hafið hann á milli Rotorua og Tongariro.

DAGUR 5: ROTORUA - TONGARIRO ÞJÓÐGARÐUR

Nýja Sjáland er þekkt fyrir allskonar adrenalín og mikið af þeim eru í boði á þessu svæði: River-rafting og að sigla á kajak gegnum spennandi fossa, ferðast með spítbátum, bungi-jumping og margt fleira.

Ef einhver óskar eftir að sigla á fallegum vötnum og prófa silungsveiði þá er það hægt í Rotorua eða við hið fallega Lake Taupo. Ef maður fer snemma af stað og keyrir til Tongariro (ca. 2 ½ tíma keyrsla) þá finnur maður Tangariri Þjóðgarðinn. Í Þjóðgarðinum eru bestu svæðin fyrir gönguferðir íkringum grófa eldfjallagíga með útsýni til snævipaktra fjalla og er þetta sama svæðið og margar senur úr myndinni Hringadrottins saga voru teknar.

TONGARIRO ÞJÓÐGARÐUR

Hin greinilegu eldfjöll Tongarí, Ngauruhoe og Ruapehu eru berandi element fyrir elsta Þjóðgarð Nýja Sjálands. Hin virku eldfjöll bjóða uppá mismunandi náttúrufegurð allt frá næstum því flötu eldfjallinu Tongarí til hins konunglega og snjóklædda eldfjalls, Ruapehu sem gaus seinast árið 1995. Eldfjallagígarnir eru með hver sitt útlit og hafa þeir fengið nöfn eins og Red Crater, Emerald Lakes og Blue Lakes. Allt þetta kryddað með eyðimerkurlandslagi og miklum skógarsvæðum hafa gert þetta að afburða skemmtilegu og spennandi göngusvæði.

Góð ráð: Tongariro Crossing – sérstök upplifun

Gönguferðin Tongariro Crossing er talin veru sú besta eins dags ferð á Nýja Sjálandi. Taktu því frá einn dag í Tongariro til að fara með hinum þálförnu leiðsögumönnum í 4 - 8 tíma gönguferð framhjá vötnum, eldfjallagígum og heitum hverum. Munið, góða gönguskó og mikið af vatni en farið ekki með ef þið eigið erfitt með gang eða eruð ekki í góðu líkamlegu standi.



FERDIR Í ROTORUA

FERÐ 1: HEILDAGSFERÐ - ELDFJÖLL OG HVERIR

Þið leggið snemma af stað um morguninn til Waimangu Volcanic Valley, sem er 16 km. frá Rotorua. Þessi sérstaki dalur er eitt af þeim mest áhugaverðu náttúrusvæðum á Nýja Sjálandi. Hér er starfsemi heitra uppspretta sem urðu til þegar eldfjallið Mt. Tarawera gaus árið 1886. Gönguferðin um svæðið er alveg einstök með mikið af heitum hverum.

Hér getur maður einnig notið hins sérstaka fljóts Waimangu Cauldron, þar sem 53 gráðu heitt ljós blátt vatnið rennur rólega um svæðið. Það eru nokkrir geysar á svæðinu en geysirinn Waimangu er talinn vera sá kraftmesti, fyrir 100 árum mældust vatnstrókarinn allt að 500 metrar upp í loftið. Þið getið einnig silgt á Lake Rotomahana, sem þýðir heitt vatn. Á meðan þið siglið um getið þið notið hinnar sérstöku náttúru. Léttur hádegismatur er með í verðinu. Seinnipartinn komið þið aftur til Rotorua.

FERÐ 2 KVÖLDFERÐ - MAORI KONCERT OG HANGI

Kvöldstund þar sem þið upplifið gamla menningu Maoriena í hefðum, dansi og tónlist. Hér verður einnig boðið upp á hefðbundna Hangi – máltíð, þar sem innfæddir nýta sér hitann frá jörðinni til að elda matinn.

FERDIR Í WELLINGTON

Það er mjög auðvelt að ferðast um á eigin vegum í Wellington, en ef þið óskið eftir ferðum með leiðsögn eru hér 2 ferðir.

FERÐ 1: VÍN

Hér er ferð á Martinborough svæðið þar sem verður stoppað á vinsmökkunarstöðum og þar er einnig möguleiki á að kaupa nokkrar flöskur með heim.

Á leiðinni er boðið upp á góðan hádegisverð.

FERÐ 2: HRINGADROTTINSSAGA

Heildagsferð á svæðið þar sem atriði úr myndinni Hringadrottinssaga voru tekin upp. Einnig heim-sækjum við hinn sérstaka Palliser Bay, þar sem mikið af selum liggja á ströndinni.

Það er einnig tími til glas af víni í Martinborough sem er gróskumikið vínhérað með mörgum litlum víngörðum.

DAGUR 6: TONGARIRO ÞJÓÐGARÐUR - WELLINGTON

Ferðin heldur áfram suður eftir til Wellington sem er höfuðborg Nýja Sjálands. Með fjöllin í bakið þá liggur borgin niður við vatnið og hið flotta Cook Strait. Miðbærinn er lítill og maður getur auðveldlega ferðast um fótgangandi. Við hafnarsvæðið eru mörg kaffihús, en kikið einnig við á Courtenay Place, þar er mikið úrval af veitingastöðum og þægilegt næturlíf.

Gleymið ekki hinu vinsæla þjóðarsafni Te Papa Tongarewa í Wellington. Í þessari nútíma hátækni byggingu getur maður lært mikið um náttúru, menningu og sögu Nýja Sjálands.

Wellington

Borgin er umvafin fallegri höfn, grænum hlíðum og brekkum þar sem hin fallegu hús frá victoríu tímabilinu eru. "Borgin" er stolt af að vera lista- og menningar miðstöð og hér er mikið úrval af veitingastöðum, kaffihúsum og mikið næturlíf. Sjálfur bæjarkjarninn er lítill og auðvelt er að ferðast um fótgangandi.

Borgin minnir svolítið á San Francisco með bröttum götum og strætum þar sem sporvagnarnir aka léttilega upp og niður. Með þeim getur maður auðveldlega komist til allra staða m.a í hinn fallega Botaniska garð með einstökum Lady Noreood Rose Garden með 100 mismunandi rósum og svo áfram til hins bókupformaða þinghúss.



Rydges Rotorua Deluxe herbergi



Rydges Rotorua Deluxe Spa herbergi

Rydges Rotorua

Fallegt fyrstaflokks hótél með stórkostlegt útsýni yfir Lake Rotorua og Mokola Island. Á hótelinu eru mjög stór herbergi og þau eru miðsvæðis í fallegum garði við vatnið og í göngufæri til nýrrar verslunarmiðstöðvar í Rotorua. Á hótelinu eru 135 herbergi, þar af 90 deluxe spa-herbergi með sér svölum. Á herbergjunum er kaffi/te aðstaða, míníbar, TV, hárburkari, og straujárn. Á hótelinu er einnig bar, veitingastaður, sundlaug, sauna, æfingasalur, ókeypis bílastæði, leiga af fjórhjóli og móttaka þar sem allir eru hjálplegir í sambandi við pantanir á ferðum.

SUÐUREYJAN

NELSON • CHRISTCHURCH



DAGUR 7: WELLINGTON - NELSON (ABEL TASMAN ÞJÓÐGARÐUR)

Um morguninn skilið þið bílnum við ferjuhöfnina, áður en þið farið um borð (ef þið eruð á húsbíl keyrið þið jú á bílnum um borð í ferjuna) Siglingin til Suðureyjunnar tekur ca. 3 tíma. Síðasta tímann áður en þið komið í land getið þið notið útsýnisins og siglingarinnar í gegnum Queen Charlotte Sound. Í Picton býður nýr bílaleigubíll eftir ykkur sem þið keyrið í meðfram norðurstöndinni á leið til Nelson, þar sem þið verðið næstu daga.

Gisting: 2 nætur í Nelson

DAGUR 8: NELSON (ABEL TASMAN ÞJÓÐGARÐUR)

Á Nelson er hráefni eins og leir fyrir leirkerasmiði og aðra listáhugamenn ásamt frábærri birtu frá hafinu, sem hefur dregið marga listamenn að. Frá Nelson er aðeins klukkutíma keyrsla til Abel Tasman National Park þar sem margir stígar eru gegnum gróskumikinn gróðurinn, einnig er hægt að sigla á kajak á meðal höfrunga og sela.

Nelson

Fyrir utan að Nelson er sólríkasti staður á Nýja Sjálandi, þá er bærinn einnig þekktur fyrir afslappað andrúmsloft og vinalagt fólk. Í bænum eru meira en 100 gallerí sem er algjört eldorado fyrir allt listáhugafólk. Margir nota Nelson sem miðstöð til að ferðast frá á hina ýmsu staði í kring. Innan við 100 km. eru fallegar gylltar sandstrendur, litlir vingarðar, djúpir firðir og regnskógar. Minnsti og jafnvel fallegasti þjóðgarður, Abel Tasman er aðeins í klukkutíma keyrslu frá Nelson. Þjóðgarðurinn er mikið heimsóttur og og býður uppá stórkostlegar gönguferðir og siglingar á kajak. Á sumrin eru mjög margir í þjóðgarðinum svo ef þið óskið eftir meiri rólegheitum þá mælum við með að þið heimsækið Marlborough Sounds eða Queen Charlotte Sound. Hafið þið áhuga á víni og vínsmökkun eru miklir möguleikar á að heimsækja einn af hinum mörgu vingörðum í nágreninu. Það er einnig mjög vinsælt að ferðast um í þjóðgarðinum Nelson Lake National Park, sérstaklega fyrir áhugamenn um fiskveiðar þar sem vötnin eru full af fiski.

Góð ráð! Queen Charlotte Track

Ef þið eruð að sækjast eftir sérstakri gönguferð, þá mælum við með 4 daga göngu meðfram strandlengjunni - kannski einnig með siglingu á kajak. Á leiðinni gistið þið í smáhúsum og þið þurfið aðeins að bera lítinn bakpoka á daginn. En munið eftir góðum gönguskóm.

DAGUR 9: NELSON - KAIKOURA

Keyrið tilbaka og svo austur eftir í gegnum Marlborough svæðið, síðan suður eftir til Kaikoura framhjá nokkrum af Nýja Sjálands bestu vínhéruðum, þar sem hvítvínin Sauvignon og Chardonnay eru í háum gæðaflokki.

Góð ráð! Ef þið eruð fyrir skelfisk – þá getið þið notið góðs matar á White Morph Motel Inn. Ströndin hér er einnig þekkt fyrir skelfisk.

Gisting: 2 nætur í Kaikoura



DAGUR 10: KAIKOURA

Hér er aðalsportið að sjá hvali. En það er einnig hér sem þið getið upplifað að synda með höfrungum og selum. Ef hvala skoðunarferð er ofarlega á vinsældarlistanum þá er ráðlegt að panta ferðina heiman frá svo maður lendi ekki í því að það sé uppselt í ferðina.

Kaikoura – Paradís hvalanna

Á austurströnd Suðurlands, 183 km. norður af Christchurch, er hinn blómstrandi bær Kaikoura, í fallegum firði með stórkostlegri fjallakeðju í kring. Það er mjög mikið dýralíf í Kaikoura, hér getur maður synt með höfrungum og selum, farið í hvalaskoðunarferð eða skoðað fuglalíf á svæðinu.

Mjög skemmtilegt er að sjá þegar búrhvalirnir kafa lárétt niður í djúpið á sama tíma og þeir sveifla sporðinum yfir vatninu sem tákn um yfirráð í hafinu. Stórkostleg sjón sem fær hárin til að rísa á flestum viðstöddum. Í hvalaskoðunarferðunum sjáum við einnig stóra hópa af höfrungum. Búrhvalina er hægt að sjá allt árið, en einnig hvali eins og háhyrninga sem fara framhjá á ný veiðisvæði.

Sumir ferðamenn koma hingað til að sjá hvalina, aðrir til að borða hinn hefðbundna rétt, bláhumar. Kaikoura er þekkt fyrir ferskan og góðan skelfisk. Maður getur annaðhvort farið á góðan fiskiveitingastað eða keypt nýsoðinn skelfisk af sölufólkinu við veginn og útbúið skemmtilega undirbúningslitla máltíð við ströndina.

DAGUR 11: KAIKOURA - CHRISTCHURCH

Sjórin og dýralífið í kringum Kaikoura er stórkostlegt og þið hafið tíma um morguninn til að skoða það áður en þið leggið af stað meðfram ströndinni til Christchurch sem er stærsti bærinn á Suðurlandi. The Garden City eins og bærinn er einnig kallaður býður upp á mikið af fallegum ám, botanískum gördum og mikið af litríkum blómum. Þar sem þið ferðist með lest næsta dag, þá skilið þið bílnum seinnipartinn á skrifstofu bílaleigunnar í Christchurch.

Christchurch – Botanískir garðar

Stærsti bærinn á Suðurlandi er þekktur fyrir að vera mest ensku mælandi samfélagið á nýja Sjálandi. Bærinn er ekki kallaður The Garden City út af engu, því hvergi á Nýja Sjálandi er eins mikið af almenningsgördum og úti-vistarsvæðum.

Christchurch er tilvalinn staður til að ferðast um fótgángandi, hér er mikið af fallegum stöðum m.a. botanískir garðar, hin aðdúunarverða dómkirkja, sporvagnar með dæmigerðum enskum nöfnum, ásamt gotneskum byggingum og tréhúsum sem setja svip sinn á þennan nútíma bæ. Ef þið þreytist á röltinu þá getið þið silgt um fallegt Avon fljótið og undir fallega skreyttar brýr á bátum sem líkjast gondólum.

GÓÐAR UPPLIFANIR Í NELSON

FERÐ 1: LIST OG HANDVERK

Hugguleg ferð seinnipart dags þar sem við byrjum á að skoða fallegt útsýnið yfir Taman Bay, sem hefur dregið marga listamenn til sín. Þið fáið góða fræðslu um listamannalífið á svæðinu, síðan heimsækið þið leirkerasmiði, glerblásara og endið á að heimsækja listasafnið.

FERÐ 2: ABEL TASMAN ÞJÓÐGARÐUR

Heildagsferð á þetta fallega náttúrusvæði þar sem þið siglið m.a. á kajak. Á leiðinni farið þið fram hjá Tonga Island þar sem mikið af selum halda til.

GÓÐAR UPPLIFANIR VIÐ KAIKOURA

FERÐ 1: HVALAFERÐ

Þessar hvalaferð út á sjó er skemmtileg upplifun. Hér komist þið nálægt mörgum tegundum af hvólum og upplifið ógrynni haffugla.

FERÐ 2: SYNDIÐ MEÐ HÖFRUNGUM

Góð hálf dagsferð þar sem þið klæðist blautbúningi og silgt er með ykkur út á haf. Þegar leiðsögumaðurinn kemur auga á höfrunga, farið þið í sjóinn og upplifið lífið með þessum stórkostlegu dýrum. Blautbúningurinn heldur ykkur uppi og þegar þið myndið hljóð bakvið "snorklen" koma forvitnir háhyrnarnir til ykkar.

GÓÐAR UPPLIFANIR Í CHRISTCHURCH

FERÐ 1: HÁLF DAGS FERÐ Í LOFTBELG

Snemma um morguninn er farið frá Christchurch svo þið getið notið útsýnisins í fyrstu geyslum sólarinnar yfir Canterbury svæðið með Southern Alps í bakgrunni. Eftir klukkutíma flug í loftbelgnum er boðið upp á kampavín, áður en haldið er aftur í bæinn.

FERÐ 2: HEILDAGSFERÐ – TRANZALPINE REYNSLA

Það verður náð í ykkur á hótelið og þið keyrð til Springfield þar sem þið farið um borð í TransAlpine Express. Þetta er ein af frábærustu lestarferðum heims og henni líkur við Arthur Pass. Á leiðinni getið þið nótíð hins stórkostlega landslags. Þið farið inn í Arthur Pass National Park, þar sem verður stoppað við Otira Gorge og varðstöð, þar sem þið hafið möguleika á að taka myndir af áhrifamiklum mynningum. Hérna fáið þið hádegismat. Síðan farið þið umborð í hraðbát, og þá pumpar adrenalínið hjá ykkur, þegar báturinn "skautar" yfir vatnið á miklum hraða og kemur svo nálægt klettunum að maður heldur að þá og þegar verði árekstur.

En stýrimaðurinn er með tjekk á hlutunum og maður heyrir hann segja hléjandi "I am here to thrill you, not to kill you!" Áður en ferðinni líkur í Christchurch þá er stoppað á kindabúgarði.



SUÐUREYJAN

TRANZALPINE • QUEENSTOWN



DAGUR 12: CHRISTCHURCH – FRANZ JOSEF JÖKULL

Ferðin með TransAlpine Express morgunlestinni framhjá Arthurs Pass til Greymouth tekur 4 klukkutíma og þessi ferð frá austurströndinni að vesturströndinni er talin vera sú fallegsasta í heiminum. Njóttu ferðarinnar á meðan lestin fer rólega upp fjöllin, gegnum göngin og fjallaskarðið The Divide. Í Greymouth er nýr bílaleigubíll tilbúinn og þið keyrið 190 km. til Franz Josef. Eftir dag með mismunandi upplifunum getið þið nú slappað af með útsýni yfir hálendið við vesturströndina.

Gisting: 2 nætur við Franz Josef jökulinn

DAGUR 13: FRANZ JOSEF JÖKULL

Af 60 jöklum á Suður eyjunni eru Fox jökull og Franz Josef jökull þeir stórkostlegustu. Umhverfið lokkar með fallegum gönguleiðum og það eru ferðir með leiðsögumönnum upp á ísinn. Það er einnig möguleiki á að sjá svæðið úr þyrllu eða litlum flugvélum og þá er hægt að dást af Mt. Cook sem er hæsta fjall Nýja Sjálands með sína 3.764 metra.

Franz Josef og Fox jöklarnir

Á vesturströndinni eru 2 lægstu jöklarnir og aðeins 25 km á milli þeirra. Smábæirnir Franz Josef og Fox eru við endann á hver sínum jökli. Veðrið skiptir mjög ört hér. Munið eftir hentugum klæðnaði. Flugvélar fara með ferðamenn upp á jöklana og Mont Cook þar sem er stórkostlegt útsýni yfir ísbreiðurnar. Þið getið einnig farið í klifurferð um jökulinn.

Góð ráð! Lake Matheson

4 tíma frá Fox jöklinum er hið fallega Matheson vatn með stórkostlegu útsýni til fjallanna. Komið þegar sólin er að koma upp og gangið meðfram vatninu. Ferðin tekur c.a. 1 klukkutíma

DAGUR 14: FRANZ JOSEF JÖKULL – QUEENSTOWN

Dagurinn býður uppá mjög fallega bílferð og fyrir þá sem vilja upplifa Lake Matheson á leiðinni er best að leggja af stað fyrir sólarupprás – og reiknið með c.a. klukkutíma göngu við vatnið. Þetta er eitt af flottustu svæðum á Nýja Sjálandi, sérstaklega snemma um morguninn í fallegu veðri þegar Mt. Tasman og Mt. Cook speglast í vatninu. Það er síðan 7 tíma keyrsla til Queenstown framhjá Haast Pass og Wanaka, þar sem landslagið er síbreytilegt. Á leiðinni er farið framhjá gömlum gullnámbæ, Arrowtown og hinni heimspektu bungee jump brú.

Nú eruð þið á svæði þar sem sports áhugafólk og ofurhugar sem leita alltaf eftir meiri spenning og meiri adrenalín – kick m.a við teygjustökk, kajakferðir í gegnum vatnsmikla fossa, river rafting, fallhlífastökk, sigling á spíttátum, para – glideng, hang – gliding og margt fleira. Ef maður hefur ekki þor í eitthvað af þessu þá er hægt að upplifa aðra sem fara í þetta. Það er gíst á Hótel Copthorne í herbergjum með útsýni yfir vatnið. Gisting: 2 nætur í Queenstown



DAGUR 15: QUEENSTOWN

Queenstown er best þekkt fyrir að vera stór leikvöllur fyrir fullorðna, sem vilja prófa eitthvað nýtt. Ef maður velur bungy – jump þá er hægt að velja frá 43 metrum uppí 143 metra í Skippers Canyon eða Pipeline.

En allt þarf ekki að gerast í hæsta gír í Queenstown, hægt er að fara í hálf og heilsdags gönguferðir. Ferða mannaskrifstofan er með ókeypis kort yfir mism. ferðir.

Queenstown – leikvöllur ofur huganna

Fáir bæjir í heiminum geta stáð af svo fallegri staðsetningu eins og Queenstown. Á vesturhlutanum er hinir stórkostlegu skógar og firðir og á austur hlutanum er fjallalakeðjan Remarkables.

Queenstown hefur vaxið gífulega síðustu ár frá því að vera hálfgerður svefnbær í að vera vinsæll ferðamannastaður. Þó svo að Queenstown er svo vinsæll bær og meiriháttar staður fyrir ævintýra þyrsta ferðamenn, þá er bærinn ennþá fallegur lítill verslunarbær.



GÓÐAR UPPLIFANIR – VIÐ JÖKLANA

FERÐ 1: 1/2 TÍMA ÞYRLU FERÐ

- YFIR TWIN JÖKULINN

Upplifið allt ofanfrá! Það er flogið yfir þessa 2 jökla og lent á toppnum þar sem hægt er að njóta útsýnisins til hæsta fjalls Nýja Sjálands, Mount Cook

FERÐ 2: HÁLF DAGSFERÐ

- GANGA Á JÖKLUNUM

Með nýrri tækni þá er búið að útbúa nýja gönguskó svo nú geta fleiri ferðast á jöklunum en ekki bara sérútbúnir jöklafarar.

Þið farið í þessa nýju skó og ferðist um Franz Josef jökulinn í nokkra klukkutíma með reyndum leiðsögumönnum.

GÓÐAR UPPLIFANIR – Í KRINGUM QUEENSTOWN

Queenstown er miðstöð áhugafólks um öfga íþróttir, en svæðið býður einnig uppá athyglisverðar náttúruupplifanir.

Hér koma 3 tillögur að ferðum:

FERÐ 1: UM HRINGADROTTINSSÖGU

Heildagsferð sem er skipt niður í tvennt. Um morguninn er keyrt um einstaka náttúruna, þar sem m.a. mismunandi myndbrot voru tekin upp. Síðan er farið aftur til Queenstown þar sem þið sjáið sjálf um hádegismatinn.

Eftir hádegi er aftur farið út í náttúruna á aðra staði þar sem atriði úr myndunum voru tekin upp: The Forest of Lothlorien og Towers of Ortanc.

FERÐ 2: HEILDAGSFERÐ – ROUTEBURN TRACK

Góð 13 km. gönguferð. Það verður keyrt til Routeburn Valley þar sem þið byrjið 6 tíma göngu um gróskumikil skógar svæði með kristaltærum ám. Hér er mikið fuglalíf og þið fáið góðar upplýsingar um dýra- og plönturíki.

FERÐ 3: HEILDAGSFERÐ – MILFORD SOUND

Yfirleitt er boðið upp á gistingu í ferð um þetta fallega svæði, Fjordland National Park.

En þessi heildagsferð byrjar snemma um morguninn í rútu gegnum Te Anau til Milford Sound. Héðan er silgt meðfram fjöllum og fossum í fjörðunum þar sem náttúran er alveg stórkostleg. Þið komið til Queenstown um kvöldið.



Copthorne Lakefront Resort



Copthorne Lakefront Resort

COPTHORNE LAKEFRONT RESORT

Fyrsta flokks hótél á bökkum Lake Wakatipu aðeins ca. 5 mín. frá miðbæ Queenstown. Eftir mikla endurnýjun stendur eftir gott hótél í sýnum flokki, af 241 herbergi á hótelinu er ca. helmingur með útsýni að Lake Wakatipu og fjallahringnum Remarkables. Á hverju herbergi er hægt að hita sér kaffi / te, þar er mínibar, sjónvarp, hárfurka og straujárn. Einnig er bar og veitingarstaður með ásættanlegum verðum og frábæru útsýni. Það er ókeypis bílastæði, internet aðgangur og spa-pool. Starfsfólk hótelsins aðstaðar við pantanir af ferðum eða annari þjónusu sem þið þurfið.

SUÐUREYJAN

FJORDLAND NATIONAL PARK

- LAKE TEKAPO



VELJID Á MILLI: DAGUR 16 A: SKEMMTISIGLING QUEENSTOWN - MILFORD SOUND MEÐ GISTINGU

Þið keyrið frá Queenstown gegnum Te Anau þar sem stórir hellar með sjálflysandi sankthansormum eru í þúsundatali, til eitt af fallegustu svæðum Nýja Sjálands: Fjordland National Park og Milford Sound. Þið skilið bílinn eftir á bryggjunni í Milford og farið umborð í Milford Wanderer eða Milford Mariner. Þið siglið út á Tasmaniska hafið framhjá stórkostlegum fjörðum, regnskógum og bröttum klettavegjum með fallegum fossum þar til þið komið til Miltre Peak, en á leiðinni er sagt frá náttúrunni í kring. Þið fáið möguleika á að prófa að sigla í kajak og annað skemmtilegt. Eftir 3ja rétta máltíð er akkerum kastað út í Harrison Cove og þegar þreytan segir til sín eru svefnklefarnir tilbúnir.

Ef þið hafið lagt snemma af stað frá Queenstown er einnig möguleiki á að fara í dagssiglingu á Doubtful Sound. Gisting á Milford Wanderer er í sameiginlegum klefum án klósett og baðs, en það er gisting í einka klefum með klósett og baði á Milford Mariner

EDA: DAGUR 16 B: SKEMMTISIGLING QUEENSTOWN - DOUBTFULL SOUND MEÐ GISTINGU

Ferðin frá Queenstown til Manapouri tekur 3 tíma framhjá Te Anau og áfram gegnum hinn stórkostlega Fjordland National Park. Þið skilið bílinn eftir á bryggjunni og farið umborð í skipið kl 12.00. Skipið leggur síðan við West Arm, en þar eruð þið keyrð í gegnum regnskógin og Wilmont passet til Deep Cove. Hér býður siglingafræðingur Fjordland ykkar og siglir með ykkur á ógleymanlegan og rólegan stað á Doubtful Sound, framhjá fallegum fjörðum þar sem háhyrningarnir leika sér í vatninu og selirnir liggja á skerunum í kring.

Eftir kvöldmat er akkerum kastað út og þið gistið í eigin klefa með bað og klósett. Það er möguleiki á að heimsækja Power station eða West Arm Visitors Center.

Fjordland National Park

Á suðvestur hluta Nýja Sjálands er þessi stóri og stórkostlegi þjóðgarður. Í garðinum eru um 5000 km göngustígar, ár og vötn þar sem maður upplifir mikið dýralíf og stórbrotið landslag. Fyrir utan gönguferðir þá eru siglingar líka mjög vinsælar. Í norður hluta garðsins er Milford Sound og Miltre peak sem eru vinsælustu svæðin.

Í suðurhluta garðsins við Manapouri fara bátar til Doubtful Sound sem er jafnvel enn fallegri en Milford Sound. Hér er mikið af háhyrningum, selum og fuglum. Þið verðið að vera viðbúin mjög breytilegu veðri þegar þið pakið lítilli tösku fyrir ferðina

Te Anau

Te Anau er við hið fallega vatn Lake Te Anau sem er næst stærsta vatnið á Nýja Sjálandi. Vatnið nær inn í hið fjalllenda og skógivaxna Fjordland, svo náttúran í kringum vatnið er alveg einstök. Te Anau er lítil bær, að margra áliti mínútgáfa af Queenstown þar sem auðvelt er að ferðast um.

Þó svo að margir keyri aðeins í gegnum bæinn til að komast til Milford Sound, þá hefur Te Anau mikið að bjóða uppá. Þið getið heimsótt Te Anau Wildlif Center eða Te Anau Caves. Þessir stórkostlegu hellar fundust árið 1948 og það er möguleiki að komast inn í þá með bát sem er alveg stórkostleg upplifun. Þið getið einnig fylgt Kepler Track sem er afmarkaður stígur í gegnum stórkostleg Keplerfjöll aðeins suður frá Te Anau.

DAGUR 17: MILFORD SOUND / MANAPOURI - DUNEDIN

Um morguninn koma skipin aftur að bryggjunni, þaðan sem þið byrjuðuð siglinguna og það er núna 4-5 tíma keyrsla til Dunedin. Þetta er elsti háskólabær í landinu, þar eru um 20.000 nemendur og annað ungt fólk sem gefur bænum líf og þá sérstaklega kráarlífinu sem dregur einnig marga listamenn að.

Byggingastíllinn er frá Victoríu tímabilinu og vel varðveittur í mörgum húsum sem mörg eru byggð fyrir um 150 árum síðan.



GÓÐAR UPPLIFANIR Í DUNEDIN

FERÐ 1: HÁLF DAGS FERÐ TIL ALBATROSS BYGÐINA
Eftir hádegi keyrir rútan þessa 30 km meðfram ströndinni til Taiaroa Head. Þar sem keyrt er til Otago Harbour, þar sem mikið er um skarfa, seli og hin sjaldgæfa Kónag Albatross. Hér er eini staðurinn á fastlandinu þar sem þessi stóri fugl verpir. Ferðin inniheldur líka heimsókn að útsýnisstaðnum "Royal Albatross Observatory," þar sem hægt er að skoða fuglana í návígi og fá upplýsingar um þetta spennandi fuglalíf á skaganum.

FERÐ 2: HHÁLF DAGS FERÐ SELIR OG MÖRGÆSIR
Ferðin er frá Dunedin með rútu til varpstöðva þessara gulueygðu mörgæsar. Sem er sú sjaldséðasta tegund sem til er í heiminum, en hér fáði þið möguleika á að virða þennan litla fugl fyrir ykkur í návígi þar sem þær vagga á milli strandar og hreidurstaða. Síðan siglið þið með bátnum MV Monarch frá Dunedin meðfram höfninni til Taiaroa Head og til baka svo þið kynnist dýralífinu líka frá sjó. Allir þeir sem hafa áhuga á dýralífi og náttúru eru mjög ánægðir með þessa ferð.

DAGUR 18: DUNEDIN

Fyrir utan byggingastílinn í bænum og lífliga götamyndina þá mælum við með að þið heimsækið Otago skagann þar sem er mjög sérstök náttúra og gullnámur. Hér upplifir maður albatrossen verpa á fastlandinu og er það alveg einstakt, en hér eru einnig mörgæsir og sæljón í hundradatali.

Dunedin – Albatrossens paradís

Dunedin er næststærsta borg á suðureyjunni er þar fannst fyrst gull í Nýja Sjálandi. Í mörg ár var borgin mjög rík og leiðandi. Margar stórkostlegar byggingar í Vickoríu stíl voru byggðar á blómaskeiði Dunedin. Einkenni Dunedin eru hin stórkostlega jámbrautastöð á Anzac Ave með hin fallegu mosaikgölf og fyrsti háskóli á Nýja Sjálandi frá árinu 1869, sem enn er í notkun með upprunaleg markmið. Í dag er bærinn þekktur fyrir að vera líflægur háskólabær, sem heldur við miklu og skemmtilegu menningarlífi með listasöfnum, tónleikum, leikhúsum, kvíkmyndahúsum og huggulegum börum og kaffihúsum. Fyrir utan bæinn er Otago tanginn, sem er algjör perla fyrir náttúru unndur og eini staðurinn á jarðríki þar sem albatrossar halda sig innan um fólk. Í kringum albatross nýlenduna er mikið af selum sem liggja og sleikja sólina á daginn eða busla um í sjónum. Heimsins minnsta mörgæs, bláa mörgæsin sem er í útrýmingarhættu og guleygða mörgæsin getið þið séð mjög nálægt. Mörgæsirnar sjást best við sólarupprás eða seinnipartinn þegar þær koma inn á land eftir fiskveiði dagsins úti á hafi.

DAGUR 19 DUNEDIN - LAKE TEKAPO

Frá Dunedin keyrið þið norður eftir til Mount Cook sem tekur ca. 4 tíma. Ferðin byrjar við ströndina til Oamaru, þar sem margar mismunandi gerðir af mörgæsum halda til og verpa á hafnarsvæðinu. Síðan er haldið áfram að fjallahringnum The Divide, þar sem gangan upp á hæsta fjall Nýja Sjálands byrjar. Á toppi fjallsins Mount Cook getið þið gengið um á jöklinum og ef ykkur verður kalt þá getið þið notið hinnar stórkostlegu náttúru frá barnum á Hótel Hermitage. Frá þjóðvegnum er ekki langt til Lake Tekapo sem er í 707 m. hæð, hér er sagt vera hið hreinasta loft. Allavega finnst manni fjöllin vera nálægt og litir og form fjallanna eru mjög skýr. Ef kraftarnir leifa þá er síðan upplagt að fara í göngu meðfram vatninu. Hér verðið þið einnig undrandi yfir litadýrð á fallega turkis bláu vatninu. Skoðið einnig litlu steinkirkjuna, Church of The Good Shepherd, sem er alveg stórkostleg að sjá við sólarlag. Þið gistið á huggulegu hóteli Lake Tekapo Lodge. En biðið með af fara í rúmið þar til þið hafið séð stjörnuhimininn sem er alveg sérstakur í þessu hreina lofti.

Lake Tekapo

Það skeður ekki mikið í þessum litla bæ, en útsýnið að azurbláu vatninu frá Mount Cook gerir Lake Tekapo að stað þar sem maður verður að gista. Skoðið litlu steinkirkjuna þegar sólin er að setjast, farið í göngu meðfram vatninu eða keyrið til Mount Cook. En gleymið ekki að horfa á stjörnuhimininn þegar mirkrið fellur á. Hringferð um Nýja Sjáland er upplifun sem þarf að umbuna með mörgum stjörnum og hér á þessum stað eru þær.

DAGUR 20: LAKE TEKAPO - CHRISTCHURCH

Það eru tæpir 200 km. til Christchurch en frábrugðið fyrri dögum þá eru engar fjallakeyslur á þessari leið. Þið komið því fljótt á áfangastað og getið farið um borð í hina litlu báta er líkjast gondólum, verslað inn eða bara notið síðasta kvöldsins í einu af huggulegu kaffihúsum bæjarins

DAGUR 21: CHRISTCHURCH – NÝJA SJÁLAND KVATT

Umfamgsmikil og eftirminnanleg ferð um Nýja Sjáland er lokið. Þið skilið bílnum við skrifstofuna í bænum eða á flugvællinum.



LAKE TEKAPO LUXURY LODGE

Huggulegt "Bed and breakfast" lodge staðsett rétt við bæinn með fallegu útsýni að Lake Tekapo og Mount Cook. Hótelíð er byggt úr náttúrulegu efni og það er lögð mikið áhersla á þægilegheit og heimilislegt andrúmsloft. Þið getið slappað af við arininn í mjúkum og þægilegum húsgögnum og þar getið þið einnig athugað e-mails og horft á TV. Frá pallinum í garðinum getið þið notið sólarlagsins. Það er boðið upp á góðan morgunmat en þið verðið að panta fyrirfram ef þið ætlið að fá kvöldmat. Það er stutt í gott úrval af veitingastöðum í bænum.



BAY OF ISLAND

VIÐBÓTARFERÐ VIÐ HRINGFERÐINA UM AUCKLAND

DAGUR 1: AUCKLAND - BAY OF ISLANDS

Þið haldið norður eftir meðfram strandlengjunni, í gegnum gróskumikla náttúru til Whangarei, en þar er stoppað, borðaður hádeigismatur á smábátabyggjunni áður en haldið er áfram til Paihia í Bay of Island.

Hér er frábær náttúra með þýðingamikla sögu. Ca. 2 km. norður af Paihia er Waitangi Treaty House þar sem undirritaður var samningur um að Nýja Sjáland yrði bresk nýlenda. Í þessu sögulega umhverfi sér maður m.a. gömul hús maorianna.

DAGUR 2: BAY OF ISLANDS

Hér verðið þið allan daginn og getið notið fallegra stranda og eyja. Farið t.d. með bátnum til Russell, sem er gamla höfuðborgin og hét Kororareka um 1830. Á því tímabili var hún algjört hafnarbæli með grófum sjó- og hvalveiðimönnum, mellom og strokuföngum en í dag er bærinn lítil og rómantískur staður með huggulegum veitingastöðum. Við mælum einnig með bátsferð í samfloti með háhyrningum til "Hole in the Rock". Hér er semsagt mikið af skemmtilegum möguleikum.

Við Paihia er boðið upp á ferðir með leiðsögumanni á kajak, maður getur einnig synt með háhyrningum. Takið bílaferjuna til Russel og heimsækið ostrubúgarð, farið í skógarferð eða keyrið upp að útsýnispallinum við Flagstaff Hill



Bay of Islands

150 km. norður af Auckland er hinn fallegi flói með stórkostlegri náttúru, sögu og strandlengjur sem draga fólk að. Í flóanum eru 150 litlar eyjar dreifðar um kristaltært vatnið sem er frá turkis bláu í að vera dökkblátt.

Loftslagið sem er heittemprað gefur möguleika á margvíslegri starfsemi. Árið 1840 var Bay of Island sögulega séð sett á landakortið þegar maorifólkið í Paihia undirritaði friðarsamning um að Nýja Sjáland yrði bresk nýlenda.

DAGUR 3: BAY OF ISLANDS - AUCKLAND

Ef maður vill ekkert endilega fara fljótustu leið aftur til Auckland, þá getur maður keyrt lengri leið um vesturströndina S12 og á leiðinni stoppað og heimsótt Waipoua Kauri Forest, sem er besti staður á landinu til að sjá hin gríðarlegu kauri tré.

Á milli trjána sjáið þið hið 2000 ára gamla tré Te Matua Ngahere (faðir skógarins) og annað tré sem er aðeins yngra Tane Mahuta sem er 1200 ára gamalt með stofn sem er 13,6 m. í ummál. Þegar evrópubúar komu til landsins voru þessi tré um allt en vegna gæða trjána voru þau hoggin niður þar til þeim var næstum útrúmt. Öll gömul tréhús á Nýja Sjálandi (þau eru mörg) eru flest byggð úr Kauri trjám. Falleg ferð meðfram ströndinni sem endar í Auckland.

COROMANDLE

VIÐBÓTARFERÐ VIÐ HRINGFERÐINA UM AUCKLAND

DAGUR 1: AUCKLAND - COROMANDEL

Þið keyrið suðureftir og beygið hjá Bombay Hills og haldið áfram til Coromandel á State Highway 2. Við bæinn Taumaranga farið þið af aðalveginum og heimsækið Hotel Du Vin, sem er með eigin vínframleiðslu. Þið getið notið góðs hádegisverðar með gæða víni úr héraðinu í fallegri náttúru með röðum af vínvíði. Þið haldið síðan áfram til Coromandel og landslagið skiptir í gróskumikla skóga og djúpa dali. Á Coromandel skaganum getið þið slappað af við fallegar strendur, Hot Water Beach og Matarangi Beach. Gisting í Coromandel.

DAGUR 2: COROMANDEL

Mikill fjölbreytileiki Coromandalskagans gerir það að verkum að þið getið farið í margar spennandi ferðir um fallega náttúruna. Þið getið pantað ferð með leiðsögumanni um Coromandel Forest Park, þar sem þið sjáið frábært plönturíki. Gisting í Coromandel

Coromandle – strendur og gróskumiklir skógar

Um 1800 var Thames stærsta borg á Nýja Sjálandi. Nú eru gullnámurnar lokaðar og skóhöggið á kauri trjánunum hætt. Í dag er bærinn tilvalinn byrjunarreytur til Coromandeld Forest Park með fallegu plönturíki og þéttum skógum í líkingu við frumskóga. Í norðurhluta bæjarins Coromandel er mikið af listafólki og staðurinn er með bohemískt yfirbragð. Á austurhluta skagans eru einar flottustu, gylltu sandstrendur Nýja Sjálands. Heimsækið Cathedral Cove og Hot Water Beach.

DAGUR 3: COROMANDEL - ROTORUA

Þið keyrið aðeins í nokkra tíma í dag þess vegna hafið þið nægan tíma til að skoða ykkur um í fallegri náttúru Coromandels. Einnig getið þið heimsótt menningarborg maoritanna, Rotorua. Svæðið hefur mikið upp á að bjóða og þið kynnist spennandi sögu maoritanna. Gisting í Rotorua.



NAPIER

VIÐBÓTARFERÐ VIÐ HRINGFERÐINA UM ROTORUA

DAGUR 1-2: ROTORUA - NAPIER

Þið haldið austur eftir til vínheraðanna og Napier. Á leiðinni er stoppað við stærsta vatn Nýja Sjálands, Lake Taupo. Þegar þið hafið stoppað við Huka-fossinn keyrið þið í 2 ½ tíma í gegnum fallegt og fjölbreytt landslag. Þið keyrið hátt upp á fjöllin og niður í djúpa og gróskumikla dal. Við sjóndeildarhringinn getið þið séð ströndina og Hawkes Bay. Síðan verður landslagið flatara og þið sjáið raðir af vínekrum.

Niður við vatnið er Napier, sem er allt öðruvísi en aðrir bæir. Árið 1931 varð stór jarðskjálfti í bænum og eyðilagðist þá mjög mikið. Þegar bærinn var endurreistur var það gert í nýttísku Art-Deco stíl.

Þið gistið 2 nætur í Napier.

Napier

Hér er mjög margt að upplifa. Bara það að ganga um særestakann bæinn er alveg sérstakt. Allt umhverfið um Napier ásamt nágrennabænum Hastings eru þekkt fyrir vínrækt og eiga chardonnay og carbernet vinberin sérstaklega góð uppvaxtarskilyrði. Þið getið leigt hjól og heimsótt nærliggjandi vínhus. Frá Napier Marin Parade getið þið notið hafgolunnar við hugguleg kaffihús. Þið getið einnig prófað hinar mörgu vatnaþróttir.

DAGUR 3: NAPIER - TONGARIRO ÞJÓÐGARÐURINN EDA WELLINGTON

Viljið þið upplifa eldfjöll norðureyjunnar, gyllt eyðimerkurlandslag og snjóklædd fjöll þá farið þið aftur framhjá Lake Taupo til Tongariro National Park. Ef höfuðborgin Wellington er fyrir valinu farið þið suður eftir og fáid auka gistingu í Wellington.



LAKE TAUPU

VIÐBÓTARFERÐ VIÐ HRINGFERÐINA UM ROTORUA

DAGUR 1-2: ROTORUA - LAKE TAUPU

Ef þið óskið eftir að sigla á fallegum vötnum og prófa að renna fyrir fiski þá er upplagt að vera í Rotorua. Annars keyrið þið 80 km. suðureftir til Lake Taupo sem er stærsta vatn Nýja Sjálands en þar eru einnig fallegir regnbogasilungar, tilvalið fyrir áhugamenn. Vatnið varð til fyrir 25 þúsund árum þegar stórt eldgos myndaði flottan gíg. Þess vegna getið þið í dag upplifað fjölbreytta náttúru. Rétt hjá Lake Taupo er hinn flott Huko-foss, en þaðan eru margir göngumöguleikar.

Þið gistið 2 nætur í Lake Taupo.

Lake Taupo

Það er enginn vafi á því að þetta svæði er best þekkt fyrir silungaveiði, en í venjulegum "kiwi stíl" þá notfæra Ný Sjálendingar alltaf náttúruna á allan mögulegan hátt. Þess vegna verðið þið að prófa rafting, fallhlífstökk eða fjórhjólaferðir. Eins og við Rotorua er einnig hér mikið um heita hverir svo ef líkaminn er þreyttur eftir daginn þá er jú upplagt að baða sig í hitapottum

DAGUR 3: LAKE TAUPU - TONGARIRO ÞJÓÐGARÐURINN

Ef þið viljið sérstaka gönguupplifun þá er gott að leggja snemma af stað og keyra til Tongariro (ca. 1 ½ tíma keyrsla). Í Tongariro National Park eru bestu möguleikar á gönguförðum, Hin þekkta "Tongariro Crossing" tekur aðeins 1 dag. Þessi ferð er talin ein besta eindags ferð á Nýja Sjálandi. Upplifið einnig eldgosagíga og snjóklædd fjöll





HÁPUNKTAR Á SUÐUREYJU

Ef þið hafið ekki mikinn tíma þá ættuð þið að einbeita ykkur um Suðureyjuna. Lesið leiðarlýsingar á blaðsíðu 6 - 11.

DAGUR 1: CHRISTCHURCH

Þið komið til stærstu borgar á Suðureyjunni Christchurch. "The Garden City" eins og borgin er líka kölluð. Hér er blanda af fallegum ám, botanískum gördum og mikið af litríkum blómum. "Garðbærinn" er eins og skapaður fyrir frí, svo því ekki að fara með sporvagninum um bæinn.

DAGUR 2: CHRISTCHURCH – KAIKOURA

Þið keyrið í 2 tíma meðfram norðurströndinni til Kaikoura þar sem hvalaskoðun er áhugaverðast. En hér getið þið einnig synt með höfrungum og selum. Ef hvalaskoðun er á vinsældarlistanum er ráðlagt að panta ferðina heimanfrá, svo þið lendið ekki í því að það sé uppselt í ferðina.

DAGUR 3 & 4: KAIKOURA – NELSON (ABEL TAS-MAN)

Þið haldið áfram norðureftir farnhjá Blemheim og Marlborough svæðinu. Á leiðinni upplifið þið bestu vínheruð Nýja Sjálands, þar sem hvítvínin sauvignon og chardonnay eru fyrsta flokks. Þið keyrið norður eftir fram hjá gylltum ströndum til Nelson, þar sem þið dveljið næstu daga.

DAGUR 5 & 6: NELSON – FRANZ JOSEF JÖKULL

Þið ferðist framhjá fallegum fjöllum til Punakaiki, svæði sem er þekkt fyrir hinar fallegu steinmyndanir Pancake Rock. Þegar sjórinn lemur á klettana myndast undirþrýstingur þannig að vatnið sprautast út gegnum stór göt á klettunum. Þið haldið áfram til Franz Jose þar sem þið verðið næstu daga og upplifið heimsins lægsta jökull.

DAGUR 7 & 8: FRANZ JOSEF GLACIER - QUEENSTOWN

Í dag keyrið þið um svæði sem eru mjög margbreytilegt, frá fjöllum, fossum og skógum til himinblárra vatna, fljóta og slétta. Þið keyrið framhjá Haast Pass og Wanaka. Næstu daga getið þið sleppt leikbarninu svo það fái að njóta sín í Queenstown.

DAGUR 9: QUEENSTOWN – MILFORD SOUND SIGLING MEÐ GISTINGU

Þið keyrið í genum Fjorland National Park til Milford Sound og geymið bílinn á hafnarbakknum. Þið siglið um fallega firði meðfram regnskógum, bröttum klettum og fossum til Milre Peak og leiðsögumaðurinn segir ykkur frá sögu og náttúru.

Það er möguleiki á að prófa að sigla á kajak og fleiri skemmtilegar afþreyingar.

Eftir 3ja rétta máltíð er akkerum kastað í Harrison Cove og þegar þreytan segir til sín eru klefarnir tilbúnir.

DAGUR 10 & 11: MILFORD SOUND – DUNEDIN

Um morguninn snúa skipin við til bryggju þaðan sem þið siglduð frá. Nú er 4 – 5 tíma keyrsla til Dunedin. Fyrir utan lífið á götunum, mælum við einnig með að þið heimsækið Otago skagann en þar er alveg sérstök náttúra, þar sem albatrossinn verpir og mörgæsir og sæljón eru í hundratali.

DAGUR 12: DUNEDIN – LAKE TEKAPO

Frá Dunedin keyrið þið norður eftir til Mount Cook, sem er hæsta fjall Nýja Sjálands.

Njótið útsýnisins frá barnum á Hótel Hermitage. Þið haldið áfram til Lake Tekapo þar sem þið upplifið hið ferska loft við fallett turkis bátt vatnið. Ef kraftarnir leifa, er fallett að ganga meðfram vatninu.

DAGUR 13: LAKE TEKAPO - CHRISTCHURCH

Það eru 200 km. til Christchurch, en frábrugðið dögnum á undan er hér engin keyrsla um fjöll og dali svo þið rennið hratt á leiðarenda. Hér er hægt að gera síðustu innkaupin eða bara að njóta síðasta kvöldsins á einu af huggulegu kaffihúsum staðarins.

DAGUR 14: CHRISTCHURCH – NÝJA SJÁLAND KVATT

Mikil og skemmtileg ferð um Suðureyjuna er á enda. Bílnum er skilað í bænum eða á flugvellinum.

AUTOCAMPER - HÚSBÍLAR



Ef þið leigið húsbíl þá hafið þið ótakmarkaða möguleika á að njóta þess að vera í fríi og vera laus við hótelpantanir, og leit að veitingarstöðum. En með þennan bækling í höndunum erum við að gera ykkur þetta eins auðvelt og kostur er. Það er auðvelt að keyra húsbílum og þarf bara almennt ökuskrtei. Það er pláss fyrir allt að 6 farþega og þessir bílar eru smekklega innréttaðir.

KEA Campers

Nýir og nýlegir bílar • tryggingar innifaldar • enginn sjálfsábyrgð (peace of mind) • vökvastýri • CD spilari • eldhús • rúmleg sefnadstaða.



KEA 2HT



KEA 2ST



KEA 4ST



KEA 6ST

NIV ZEALAND



få hjælp, hvis det kniber

Man kan klare meget selv, men hvis det virkelig kniber, kan det alligevel være rart med professionel hjælp. Med en Gouda rejseforsikring kan du altid ringe til vores alarmcentral – så står de klar til at tage over. Verden rundt, året rundt, døgnet rundt.

Køb din Gouda rejseforsikring hos dit rejsebureau, ring på 88 20 88 20 eller se www.gouda.dk

SIKKERHED UD OVER ALLE GRÆNSER

AN EXCITING NEW ERA OF TRAVEL FROM AIR NEW ZEALAND

Air New Zealand is transforming every aspect of their long-haul service to set a new benchmark in comfort, convenience and style. From one of the world's best business class seats with a truly lie-flat bed and a new Pacific Premium Economy class, to on-demand entertainment and stunning New Zealand inspired cuisine, no detail has been overlooked to ensure you arrive at your destination relaxed and refreshed.



BUSINESS PREMIER

- The first fully flat bed into New Zealand
- Your leather armchair converts to a fully flat 6' 7.5" bed
- The ottoman footrest doubles as a visitor's seat
- Every seat has direct aisle access
- Enjoy video and audio on-demand on your high-resolution 10.4" screen
- In-seat power in every seat



PACIFIC PREMIUM ECONOMY

- Enjoy the largest seat pitch in its class at 39/40", and generous 18.5" seat width
- Extra seat recline with full leg rest and foot bar
- Enjoy video and audio on-demand on your high-resolution 8.4" screen
- In-seat power available



PACIFIC ECONOMY

- Enhanced comfort with a 34" seat pitch
- New ergonomic seat design with adjustable headrest
- Enjoy video and audio on-demand on your high-resolution 8.4" screen

A TASTE OF NEW ZEALAND

Fine food and wine are two of the greatest pleasures in life and New Zealand is famous for both. As part of this new era in travel, fresh new in-flight menus are being introduced in every class to enhance our award-winning dining experience.

NOW YOU DIRECT THE ACTION

Imagine being able to watch or listen to your choice of entertainment whenever you want. With Air New Zealand's new personal on-demand entertainment system, you'll be able to watch whatever you want, whenever you want.

THE WARMEST KIWI WELCOME

One aspect of your flight that will not change is the Kiwi welcome and friendly service that reflects the natural warmth of New Zealand and its people. Air New Zealand really does bring New Zealand closer.

TO BOOK YOUR INSPIRING JOURNEY, CONTACT YOUR BILLETONTORET CONSULTANT.

In limited circumstances we may need to substitute a non-refitted aircraft on this route.



Bringing New Zealand closer.

AIR NEW ZEALAND

A STAR ALLIANCE MEMBER

TEKNISK ARRANGØR: BILLETONTORET A/S • MEDLEM AF REJSEGARANTIFONDEN NR. 650



Ferdin.is * Sími: 846 2510 * Sími: 893 8808 * Netfang: ferdin@ferdin.is